

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Hafnarfjarðarvegur – Skeljabrekka – Nýbýlavegur. Skilti við Hafnarfjarðarveg, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. október 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hafnarfjarðarveg.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun dags. 24. febrúar 2010. Athugasemdum var svarað með erindi dags. 18. maí 2010.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 18. maí 2010.*

**Smári Smáráson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2010